

VESTURLAND

Stöðugreining 2019





20.03.2020

Ritstjórn: Laufey Kristín Skúladóttir.

Aðrir höfundar efnis: Sigurður Árnason, Jóhannes Finnur Halldórsson, Anna Lea Gestsdóttir, Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Þorgrímsdóttir, Anna Lilja Pétursdóttir og Snorri Björn Sigurðsson.

ISBN: 978-9935-9503-3-8



BYGGÐASTOFNUN

Vesturland

Stöðugreining 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	6	5.3 Orkukostnaður	27
1. Vesturland, staðhættir og sérkenni	7	5.4 Opinber störf.....	28
1.1 Um svæðið.....	7	6. Önnur þjónusta	31
1.2 Íbúapéttleiki.....	8	6.1 Verslun	31
1.3 Mannfjöldapróun	9	6.2 Ýmis þjónusta.....	32
1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli.....	10	6.3 Ferðaþjónusta	32
1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting	12	7. Landbúnaður.....	35
1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun.....	13	7.1 Kjötframleiðsla	35
2. Menntun	15	7.2 Fjöldi búpenings.....	35
3. Efnahagsþróun.....	17	7.3 Fjöldi bóa	36
3.1 Tekjur	17	7.4 Greiðslumark.....	36
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka	18	7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús	38
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur	18	8. Sjávarútvegur.....	39
3.4 Fasteignaverð	19	8.1 Fiskveiðar	39
4. Samgöngur	22	8.2 Uppsjávarafli.....	40
4.1 Vegir, hafnir og flugvelliir	22	8.3 Úthlutaðar aflaheimildir	41
4.2 Almennings­samgöngur	23	9. Stoðkerfi	42
4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða	23	9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar	42
4.4 Gagnaflutningar.....	24	9.2 Sóknaráætlun.....	43
5. Opinber þjónusta	26		
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla.....	26		
5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur	26		

Myndayfirlit

Mynd 1 Vesturland.....	7
Mynd 2 Íbúafjöldi Vesturlands á ferkílómetra 2018	8
Mynd 3 Skipting mannfjöldans á svæði 2019	8
Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum	9
Mynd 5 Íbúafjöldi sveitarfélaga Vesturlands 1998-2019.....	9
Mynd 6 Breyting á íbúafjölda Vesturlands í samanburði við landið allt 1998-2019	9
Mynd 7 Vesturland, hlutfall af íbúum landsins	9
Mynd 8 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Vesturlandi	10
Mynd 9 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Vesturlandi eftir svæðum 1998-2018	10
Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Vesturlandi 1998-2019	11
Mynd 11 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Vesturlandi 1998-2019 eftir sveitarfélögum	11
Mynd 12 Þróun aldursdreifingar karla á Vesturlandi 1998-2019	12
Mynd 13 Þróun aldursdreifingar kvenna á Vesturlandi 1998-2019	12
Mynd 14 kvenna á hverja 100 karla á Vesturlandi 1998-2019	12
Mynd 15 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Vesturlandi árið 2019	13
Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Vesturlandi 1998-2018.....	13
Mynd 17 Flutningsjöfnuður á Vesturlandi 1998-2018 eftir sveitarfélögum	13
Mynd 18 Fæðinga- og dánartíðni á Vesturlandi 1998-2017	14
Mynd 19 Náttúruleg fjölgun á Vesturlandi 2008-2017 eftir sveitarfélögum.....	14
Mynd 20 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Vesturlandi 2014-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi	14
Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018	15
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Vesturlandi 2018	15
Mynd 23 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018.....	16
Mynd 24 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Vesturlandi 25-64 ára 2018	16
Mynd 25 Útvarsstofn á mann á Vesturlandi 2007-2017 á verðlagi ársins 2017	17

Mynd 26 Fjármagnstekjur á mann á Vesturlandi 2008-2016 á verðlagi ársins 2017.....	17
Mynd 27 Atvinnutekjur á mann á Vesturlandi 2008-2017 á verðlagi ársins 2017.....	17
Mynd 28 Atvinnuleysi karla á Vesturlandi ágúst 2008 til maí 2019.....	18
Mynd 29 Atvinnuleysi kvenna á Vesturlandi ágúst 2008 til maí 2019	18
Mynd 30 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018.....	19
Mynd 31 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018	19
Mynd 32 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi 2014 - 2018	20
Mynd 33 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi árið 2017	20
Mynd 34 Lögheimili eigenda íbúða á Vesturlandi 2017	21
Mynd 35 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Vesturlandi 1995 – 2018	21
Mynd 36 Helstu vegir á Vesturlandi	22
Mynd 37 Grunnnet samgangna.....	22
Mynd 38 Hafnir á Íslandi.....	23
Mynd 39 Leiðakerfi Strætó bs. á landsbyggðinni 2019	23
Mynd 40 Vinnusóknarsvæði á Vesturlandi.....	24
Mynd 41 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019.....	25
Mynd 42 Sjúkrahús og heilsugæsla í landshlutanum.....	26
Mynd 43 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019...27	27
Mynd 44 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu	27
Mynd 45 Þróun orkukostnaðar á Vesturlandi í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018	28
Mynd 46 Dagvöruverslanir á Vesturlandi	31
Mynd 47 Þjónustusókn á Vesturlandi.....	32
Mynd 48 Gistinætur á Vesturlandi 2008 – 2018 eftir svæðum.....	33
Mynd 49 Gistinætur á Vesturlandi eftir mánuðum 2018.....	33
Mynd 50 Gistinætur á Vesturlandi eftir þjóðerni 2012.....	33
Mynd 51 Gistinætur á Vesturlandi eftir þjóðerni 2018.....	34
Mynd 52 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018	34
Mynd 53 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018	34
Mynd 54 Kjötframléiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018.....	35
Mynd 55 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018.....	36
Mynd 56 Greiðslumark sauðfjár á Vesturlandi 2018	37

Mynd 57 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018	37
Mynd 58 Greiðslumark mjólkur á Vesturlandi 2018.....	38
Mynd 59 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019	38
Mynd 60 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir helstu löndunarhöfnum á Vesturlandi.....	39
Mynd 61 Ráðstöfun afla á Vesturlandi.....	40
Mynd 62 Afli í uppsjávartegundum á Vesturlandi	40
Mynd 63 Ráðstöfun uppsjávarafla á Vesturlandi	40
Mynd 64 Úthlutaðar aflaheimildir á Vesturlandi.....	41
Mynd 65 Úthlutuð þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Vesturlandi eftir stöðum án uppsjávartegunda	41

Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019	11
Tafla 2 Vegalengdir á Vesturlandi 2019	24
Tafla 3 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu	27
Tafla 4 Orkukostnaður heimila á Vesturlandi í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum	28
Tafla 5 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018.....	29
Tafla 6 Opinber ríkisstörf í landshlutanum.....	29
Tafla 7 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum	29
Tafla 8 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum	29
Tafla 9 Dagvöruverslanir á Vesturlandi eftir sveitarfélögum 2019.....	31
Tafla 10 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum	36
Tafla 11 Fjöldi búa á Vesturlandi og á landinu öllu 2009-2017	36
Tafla 12 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Vesturlandi	39

Inngangur

Stöðugreining landshluta 2019 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2014 með nokkrum viðbótum og breytingum. Í stöðugreiningunni er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt með stuttum og lýsandi texta þannig að yfirsýn fái fljótt og að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Stöðugreiningin er lýsing á stöðu hvers landshluta fyrir sig. Einskonar ljósmynd af stöðunni eins og hún birtist núna. Stöðugreining 2019 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Greiningin verður ekki gefin út á pappír.

Í stöðugreiningunum er leitast við að nota nýjustu gögn sem völ er á. Mikið af gögnunum sem greiningin byggir á eru fengin frá Hagstofu Íslands, bæði opin gögn og gögn fengin með sérvinnslu. Einnig er notast við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá ásamt öðrum fagstofnunum líkt og Fiskistofu, Matvælastofnun og Ríkisskattstjóra.

Breyting er á framsetningu einstakra kafla frá stöðugreiningunni 2014 í takt við þá þróun sem orðið hefur. Uppbygging stöðugreininganna er eins fyrir alla landshluta og byggja á sambærilegum gögnum. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.


Þess er vænst að þessi samantekt gagnist sveitarfélögum og landshlutum við stefnumótun og öðrum sem láta sig byggðapróun í landinu varða á lands- og landshlutavísu og á sveitarstjórnarstigi.

Laufey Kristín Skúladóttir

1. Vesturland, staðhættir og sérkenni

1.1 Um svæðið

Svæði sóknaráætlunar Vesturlands nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfirði í suðri. Frá vestasta tanga Snæfellsness í vestri og upp á Langjökul í austri. Sóknaráætlunarsvæði Vesturlands er samfallandi svæði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV. Á svæðinu bjuggu ríflega 16.500 manntann 1. janúar 2019 sem skiptast niður á 10 sveitarfélög. Fjölmennastur er Akraneskaupstaður með rúmlega 7.400 íbúa en fámennastur er Skorradalshreppur með aðeins 58 íbúa. Önnur sveitarfélög á svæðinu eru: Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.



Mynd 1 Vesturland

¹ Vífill Karlsson, [Deigla: rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna tbl.1 2019](#)

Svæðið er um margt ólíkt innbyrðis. Suðursvæðið byggir mikið á iðnaði, Snæfellsnesið á sjávarútvegi en önnur svæði í meira mæli á landbúnaði og þjónustu. Staða og styrkur atvinnulífs virðist einnig vera mismunandi auk þess sem að þjónustusókn íbúa Vesturlands virðist vera mismunandi.

Í nýlegri könnun¹ meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni segir í niðurstöðukafla um Vesturland:

„Á Vesturlandi fólust styrkleikar svæðisins í nokkurri eftirspurn eftir menntuðu vinnuafla. Þá var vinnuaflsvægið hvergi hærra. Að auki lenti landshlutinn í öðru sæti þegar horft var til skapandi greina. Á Vesturlandi var að finna bæði landsvæði með fyrirtæki, sem sýndu einna besta afkomu til lengri tíma, og fyrirtæki með einna verstu afkomu og þá fjöllum við um veikleikana.

Dalirnir komu illa út varðaði fjölgun eða fækkun starfsfólks. Einnig varðandi þörfina fyrir menntað vinnuafl og vinnuafl með sérstaka færni. Hún er einstaklega lítil þar. Einnig ráku þeir lestina varðandi fjárfestingarhug, viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki og væntingar um tekjur á næsta ári.

Þá var hugur til fjárfestinga óvenju lítill hjá fyrirtækjum á Akranessvæðinu og ferðaþjónusta veik á Akranesi. Afkoma til lengri tíma kom illa út á Borgarfjarðarsvæði.“

Í þjónustukönnun² sem gefin var út á árinu 2018 kemur fram að:

„Þjónustusókn þátttakenda sem búsettir voru í Akraneskaupstað, á Borgarfjarðarsvæðinu og á Snæfellsnesi og var lík að því leyti að um 27- 30% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og meirihluta þjónustunnar sóttu þátttakendur til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði.

² Sigríður Elín Þórðardóttir, [Þjónustukönnun Vesturland](#).

Hins vegar sóttu þátttakendur búsettir í Dalabyggð hlutfallslega meiri þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en þeir sóttu til þjónustuaðila innan síns búsetusvæðis.

Þjónustusókn þátttakenda í Hvalfjarðarsveit var í meginatriðum eins og þátttakenda í Akraneskaupstað en þeir sóttu hlutfallslega aðeins minni þjónustu til Akraness og meiri þjónustu til Borgarness.

Þátttakendur á Borgarfjarðarsvæðinu og í Dalabyggð sóttu um 4-5% þjónustunnar til Akraness en þátttakendur frá Snæfellsnesi sóttu nánast enga þjónustu til Akraness.

Þátttakendur í Akraneskaupstað voru líklegri til þess að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Vesturlandi“


1.2 Íbúapéttleiki

Vesturlandi er hér skipt í fjögur undirsvæði vegna sérstöðu þeirra, þ.e. í Suðursvæði, Borgarfjarðarsvæði, Snæfellsnes og Dali.

Tæplega helmingur íbúa svæðisins býr á suðursvæðinu sem inniheldur Akranes, langfjölmennasta þéttbýli landshlutans, og Hvalfjarðarsveit. Tæplega fjórðungur íbúa Vesturlands býr á Snæfellsnesi og í Borgarfirði, hvoru svæði fyrir sig. Þá búa rétt um 4% íbúa í Döllum.


Suðursvæðið er sömuleiðis þéttbýlast en þar búa um ríflega 16 íbúar á ferkílómetra. Á Snæfellsnesi eru um 2,6 íbúar á ferkílómetra og um 0,7 í Borgarfirði. Í Döllum er eru hins vegar aðeins aðeins 0,3 íbúar á ferkílómetra í Döllum.

Að meðaltali voru 1,7 íbúi á ferkílómetra á Vesturlandi árið 2018. Til samanburðar var íbúafjöldi á ferkílómetra á höfuðborgarsvæðinu 218,2 og 33,3 á Suðurnesjum.




Mynd 2 Íbúafjöldi Vesturlands á ferkílómetra 2018

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun



Mynd 3 Skipting mannfjöldans á svæði 2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Bygðastofnun


1.3 Mannfjöldapróun

Íbúum á Vesturlandi fjölgaði um 2.583 frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um 18,5%. Íbúafjölguninni var mjög misskipt. En langstærsti hluti fjölgunarinnar varð á Akranesi þar sem að fjölgaði um tæplega 2.300 manns. Þá var umtalsverð fjölgun í Borgarbyggð eða um tæplega 550 manns og um 90 manns í Hvalfjarðarsveit. Annars staðar stóð íbúatalan ýmist í stað eða um beina fólksfækkun var að ræða. Í Dalabyggð fækkaði til að mynda um 160 íbúa, um 69 í Snæfellsbæ, 57 í Stykkishólmi og 56 í Grundarfjarðarbæ.

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	Breyting
Akranes	5.125	5.450	5.588	5.976	6.549	6.625	6.908	7.411	2.286
Hvalfjarðarsveit	545	555	562	608	624	610	622	638	93
Skorradalshreppur	52	47	55	56	61	57	53	58	6
Borgarbyggð	3.259	3.353	3.471	3.710	3.542	3.469	3.637	3.807	548
Eyja- og Miklaholtshreppur	122	117	129	140	139	158	138	117	-5
Snæfellsbær	1.743	1.734	1.747	1.709	1.702	1.722	1.663	1.674	-69
Grundarfjarðarbær	922	949	934	949	904	905	899	866	-56
Helgafellssveit	65	56	52	58	63	58	55	62	-3
Stykkishólmur	1.258	1.228	1.162	1.142	1.092	1.112	1.113	1.201	-57
Dalabyggð	833	789	738	681	694	665	678	673	-160
Samtals	13.924	14.278	14.438	15.029	15.370	15.381	15.766	16.507	2.583


Mynd 5 Íbúafjöldi sveitarfélaga Vesturlands 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 6 Breyting á íbúafjölda Vesturlands í samanburði við landið allt 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 7 Vesturland, hlutfall af íbúum landsins


Heimild: Hagstofa Íslands

Þrátt fyrir umtalsverða fólksfjölgun á Vesturlandi á síðustu 20 árum hefur hún ekki haldið í landsmeðaltal en íbúum á landinu öllu hefur fjölgað um rúmlega 30% á tímabilinu.

Á sama 20 ára tímabili hefur hlutfall íbúa Vesturlands af íbúum landsins alls farið úr 5,1% í 4,6%.


Karlar voru 364 fleiri í ársbyrjun 1998 en konur. Körlum fjölgaði meira en konum allt fram til ársins 2008 þegar að þeir voru orðnir 763 fleiri. Eftir það jafnaðist kynjahlutfallið á ný, aðallega vegna fækkunar karla. Allra síðustu ár hefur bilið á milli karla og kvenna aukist á ný og voru karlar 717 fleiri en konur í ársbyrjun 2019.

Að einhverju leyti má rekja breytingar á ójöfnum hlutföllum fjölda karla og kvenna til breytinga á fjölda erlendra ríkisborgara. Ef myndir 8 og 9 eru bornar saman sést að það er ákveðið ris í fjölda karla og erlendra ríkisborgara á árunum fyrir hrun og síðan fækkun aftur á eftirhrunsárunum.



Mynd 8 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Vesturlandi eftir svæðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli


Eins og áður hefur komið fram er mikill munur á íbúapróun innan Vesturlands þar sem íbúafjölgun hefur fyrst og fremst verið bundin við sunnanvert svæðið. Í töflu 1 er þróunin á svæðinu greind niður eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýlis innan hvers sveitarfélags.

Alls staðar í landshlutanum hefur fólki fækkað í dreifbýli. Stóra myndin er samt sú að íbúum í þéttbýli á sunnanverðu svæðinu hefur fjölgað á meðan íbúum í þéttbýli á Snæfellsnesi og Dölum hefur ýmist fækkað eða fjölgað lítillega.

Tafla 1 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019


	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	breyting	breyting
Akranes	5.125	5.450	5.588	5.976	6.549	6.625	6.908	7.411	2.286	44,6%
Hvalfjarðarsveit	545	555	562	608	624	610	622	638	93	17,1%
Innes						56	65	61		
Melahnverfi		38	67	98	111	115	111	102	102	
dreifbýli í Hvalfjarðarsveit	545	517	495	510	513	439	446	475	-70	-12,8%
Skorradalshreppur	52	47	55	56	61	57	53	58	6	11,5%
Borgarbyggð	3.259	3.353	3.471	3.710	3.542	3.469	3.637	3.807	548	16,8%
Borgarnes	1.710	1.740	1.770	1.891	1.828	1.759	1.887	2.012	302	17,7%
Hvanneyri	148	155	193	304	277	251	268	307	159	107,4%
Kleppjárnsreykir	41	44	45	52	50	51	48	46	5	12,2%
Reykholt í Borgarf.	39	27	33	27	41	36	43	61	22	56,4%
Bifröst			210	259	202	246	208	164	164	
dreifbýli í Borgarbyggð	1.321	1.387	1.220	1.177	1.144	1.126	1.183	1.217	-104	-7,9%
Eyja- og Miklaholtshr.	122	117	129	140	139	158	138	117	-5	-4,1%
Snæfellsbær	1.743	1.734	1.747	1.709	1.702	1.722	1.663	1.674	-69	-4,0%
Hellissandur	411	413	412	413	391	389	378	355	-56	-13,6%
Rif	150	146	144	137	143	163	155	138	-12	-8,0%
Ólafsvík	985	989	1.025	985	1.005	1.010	959	1.000	15	1,5%
dreifbýli í Snæfellsbæ	197	186	166	174	163	160	171	181	-16	-8,1%
Grundarfjarðarbær	922	949	934	949	904	905	899	866	-56	-6,1%
Grundarfjörður	822	853	843	870	832	852	852	824	2	0,2%
dreifbýli í Grundarfjarðarb.	100	96	91	79	72	53	47	42	-58	-58,0%
Helgafellssveit	65	56	52	58	63	58	55	62	-3	-4,6%
Stykkishólmur	1.258	1.228	1.162	1.142	1.092	1.112	1.113	1.201	-57	-4,5%
Dalabyggð	833	789	738	681	694	665	678	673	-160	-19,2%
Búðardalur	256	258	246	238	255	252	262	269	13	5,1%
dreifbýli í Dalabyggð	577	531	492	443	439	413	416	404	-173	-30,0%

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 10 Breyting á fjölda íbúa helstu þéttbýlisstaða á Vesturlandi 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 11 Breyting á fjölda íbúa minna þéttbýlis og dreifbýlis á Vesturlandi 1998-2019 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands

1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting


Frá árinu 1998 hefur íbúum 50 ára og eldri fjölgað verulega á Vesturlandi en athygli vekur að ungu fólki á aldrinum 20-39 ára hefur einnig fjölgað verulega. Í aldurshópnum 30-39 ára er samt áberandi hve miklu meiri fjölgun er meðal karla en kvenna. Á sama tíma hefur fjöldi fólks á aldrinum 40-49 ára nokkurn veginn staðið í stað og börnum og unglingum, þ.e. 19 ára og yngri fækkað umtalsvert.



Mynd 12 Þróun aldursdreifingar karla á Vesturlandi 1998-2019


Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi kvenna á hverja hundrað karla á Vesturlandi hefur í gengum síðustu tuttugu ár lengið í kringum 94. Undantekning á þessu voru árin rétt fyrir efnahagshrunið þegar erlendum körlum fjölgaði verulega á svæðinu og síðan síðustu ár. Nokkur breytileiki er á fjölda kvenna á hverja hundrað karla eftir sveitarfélögum á Vesturlandi. Þannig hlutfallið langlægst í Helgafellssveit og langhæst í Eyja- og Miklaholtshreppi en taka verður tillit til þess að þessi sveitarfélög eru fámenn og hver einstaklingur vigtar því þungt. Af stærri sveitarfélögum er það helst Borgarbyggð sem hægt er að greina með lægra hlutfall kvenna.




Mynd 13 Þróun aldursdreifingar kvenna á Vesturlandi 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 14 kvenna á hverja 100 karla á Vesturlandi 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 15 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Vesturlandi árið 2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 16 Flutningsjöfnuður á Vesturlandi 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun


Breytingar á fólksfjölda samanstanda af flutningsjöfnuði og náttúrulegri fjölgun eða fækkun sem er munurinn á fæðingar- og dánartíðni. Verulegar sveiflur voru í flutningsjöfnun á Vesturlandi á tímabilinu 1998-2018. Mikill tilflutningur var til svæðisins árin 2005 og 2007 en mikill nettó brottflutningur af svæðinu árið 2009 þegar að ríflega 400 fleiri fluttu af Vesturlandi en til landshlutans. Árin þar á eftir fluttu um 100 fleiri í burtu en inn á svæðið. Allra síðustu ár hefur þróunin hins vegar verið jákvæð sem nemur 100-200 manns á ári. Flutningsjöfnuður á svæðinu var jákvæður á Akranesi og í Borgarbyggð en verulega neikvæður á Snæfellsnesi og Dölum.

Fæðingartíðni á Vesturlandi hefur verið í kringum 200 börn á ári frá árinu 1998 en heldur hefur dregið úr fjölda fæðinga allra síðustu ár sem er í takti við það sem gerst hefur á landsvísu.



Mynd 17 Flutningsjöfnuður á Vesturlandi 1998-2018 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 18 Fæðinga- og dánartíðni á Vesturlandi 1998-2017


Heimild: Hagstofa Íslands

Dánartíðni hefur verið í kringum 100 allt tímabilið. Náttúruleg fjölgun hefur því heldur dregist saman.

Þegar horft er til fimm ára tímabila, annars vegar 2008-2012 og hins vegar 2013-2017 hefur náttúruleg fjölgun dregist saman í flestum sveitarfélögum ef frá er talinn Stykkishólmur. Mest er lækkunin í Snæfellsbæ þar sem hún fór úr 109 einstaklingum í 44. Hún er einnig veruleg á Akranesi þar sem hún fór úr 307 í 235 einstaklinga.


Dánartíðni var hærri en fæðingartíðni í Skorradalshreppi, Helgafellssveit og Dalabyggð auk þess sem engin náttúruleg fjölgun átti sér stað í Eyja- og Miklaholtshreppi 2013-2017.

Á mynd 20 er breyting á íbúafjölda greind eftir því hvort að íbúar hefðu íslenskt eða erlent ríkisfang. Í fjórum sveitarfélögum, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ, Eyja- og Miklaholtshreppi og Dalabyggð fækkaði íslenskum ríkisborgurum á meðan að erlendum ríkisborgurum fjölgaði.



Mynd 19 Náttúruleg fjölgun á Vesturlandi 2008-2017 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 20 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Vesturlandi 2014-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi

Heimild: Hagstofa Ísland

2. Menntun


Hagstofa Íslands safnar gögnum um menntunarstig landsmanna á aldrinum 25-64 ára og eru þau unnin upp úr vinnumarkaðsrannsókn stofnunarinnar. Þau eru birt hér í fyrsta sinn í stöðugreiningum, en Byggðastofnun byggði í eldri stöðugreiningum á gögnum frá Capacent Gallup. Gögn Hagstofunnar sýna menntunarstig á árinu 2018.



Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Myndir 21 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir karla. Samanburðurinn sýnir að hlutfall karla sem er með grunnmenntun á Vesturlandi er nálægt landsmeðaltali. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum er hátt og 42% með slíkt nám sem er það sama og á Austurlandi og 11 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Undir þennan flokk fellur ýmis iðnmenntun og fleiri greinar. Karlar á Vesturlandi eru einnig vel yfir landsmeðaltali í bóknámi í framhaldsskólum og í grunnnámi í háskólum. Hlutfall karla með framhaldsmenntun á háskólastigi er lágt eða 4%.




Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Vesturlandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 22 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Rétt er hins vegar að benda á að í landsmeðaltali vegur höfuðborgarsvæðið afar mikið vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnmenntun er svipuð og landsmeðaltal en hlutfallslega færri eru einvörðungu með þá menntun en annars staðar á landsbyggðinni. Starfsnám og bóknám í framhaldsskóla töluvert yfir landsmeðaltal. Grunn nám í háskóla er lítið eitt lægra en á landsvísu en hærra en annars staðar á landsbyggðinni en framhaldsnám í háskóla er 11 prósentustigum lægra en landsmeðaltal. og framhaldsnám í háskóla verulega lægra en á landsvísu. Í þessum landshluta eru bæði öflugar menntastofnanir og stórir vinnustaðir sem þurfa væntanlega töluvert af vinnuafli sem þarf að hafa starfsmenntun. Hér líkt og á Suðurlandi og Suðurnesjum er hins vegar rétt að benda á að stærstu þéttbýlisstaðir eru í raun á atvinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar sem án efa hefur áhrif.

Þegar menntunarstig kvenna í sömu aldurflokkum, þ.e. 25-64 ára er skoðað er töluverður munur á milli kynja. Mynd 23 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir konur.




Mynd 23 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburðurinn sýnir að hlutfall kvenna sem er með grunnenntun er nærri meðaltali landshluta utan suðvesturhornins eða 26%. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum er nokkuð hátt, jafnhátt og á Austurlandi en báðir þessir landshlutar eru 7 prósentustigum yfir landsmeðaltali, en undir þennan flokk fellur ýmis iðnmenntun og fleiri greinar. Konur á Vesturlandi eru hins vegar með nokkuð hátt hlutfall í bóknámi og einkum grunnnámi í háskóla og staðan varðandi framhaldsnám í háskóla er svipuð og víða annars staðar á landsbyggðinni og mun betri en hjá körlunum.

Mynd 24 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í landsmeðaltali eins fram kom hér að framan vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnenntun og starfsnám í framhaldsskóla er töluvert hærra í landshlutanum en landsmeðaltal. Bóknám í framhaldsskóla og grunnnám í háskóla er svipað og landsmeðaltal en framhaldsnám í háskóla einungis helmingur af landsmeðaltali líkt og víða annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Líklegt er að vinnumarkaður svæðisins kalli ekki eftir þess konar menntun og að konur sem eru með lengri

menntun af svæðinu hafi flutt annað. Vinnumarkaður kynjanna er ólíkur og á hverju landssvæði eru ákveðnir vinnustaðir þar sem hlutfall kvenna með grunnenntun frá háskóla er hátt svo sem skólar og sjúkrastofnanir. Hér líkt og á Suðurlandi og Suðurnesjum er hins vegar rétt að benda á að stærstu þéttbýlisstaðir eru í raun á atvinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar sem án efa hefur áhrif.



Mynd 24 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Vesturlandi 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


3. Efnahagsþróun

3.1 Tekjur

Útsvarstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann eru þrjár mælikvarðar til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Tekjur á mann á öllum þessum mælikvörðum hafa á undanförunum árum verið nokkuð undir landsmeðaltali.


Útsvarstofn á mann og atvinnutekjur á mann lækkuðu skarpt á árinu 2009 en frá árunum 2013 og 2014 hafa þessar tekjur hækkað verulega. Fjármagnstekjur fóru enn skarpur niður á árunum 2009 og 2010 hafa ekki hækkað aftur í sama mæli og útsvarstofn og atvinnutekjur.

Útsvarstofn ársins 2017 nam 4,0 milljónum kr. á mann og var rúmlega 300 þúsundum undir landsmeðaltali. Atvinnutekjur á mann námu hins vegar 3,3 milljónum kr. og voru sömuleiðis 300 þúsund kr. undir landsmeðaltali.




Mynd 25 Útsvarstofn á mann á Vesturlandi 2007-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga



Mynd 26 Fjármagnstekjur á mann á Vesturlandi 2008-2016 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Ríkisskattstjóri




Mynd 27 Atvinnutekjur á mann á Vesturlandi 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á Vesturlandi var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það var töluvert á árunum 2009-2011, en lækkaði í 2% árið 2012 og hefur lækkað ár frá ári síðan þar til nú á síðustu mánuðum að atvinnuleysi karla hefur aukist lítillega. Atvinnuleysi hefur verið undir landsmeðaltali undanfarin ár. Atvinnuleysi karla og kvenna hefur verið svipað en atvinnuleysi kvenna þó oft heldur meira.




Mynd 28 Atvinnuleysi karla á Vesturlandi ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

Allnokkur árstíðasveifla hefur einkennt atvinnuleysi á svæðinu, en undanfarin ár hefur það verið afar lítið og með því lægsta á landinu og var um eða innan við 2% í maí 2019.

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka mikilvægt að horfa til fjöldapróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþáttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuafli.



Mynd 29 Atvinnuleysi kvenna á Vesturlandi ágúst 2008 til maí 2019


Heimild: Hagstofa Íslands

Upplýsingar um atvinnuþáttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþáttaka karla á aldrinum 16-64 ára var 86,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 89,3% utan þess. Atvinnuþáttaka kvenna á sama aldri var 83,5% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% utan þess. Atvinnuþáttaka karla var 88,1% á höfuðborgarsvæðinu og 89,0% utan þess á 1. ársfjórðungi ársins 2019. Sambærilegar tölur fyrir konur voru 85,0% og 83,3%.

3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og




Mynd 32 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi 2014 - 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á þessu fimm ára tímabili er hækkun fasteignamats minnst í Grundarfirði en mest á Akranesi. Í Grundarfirði og Stykkishólmi lækkaði matið milli árána 2014 og 2015. Mest hefur hækkunin á fasteignamatinu verið á Akranesi.


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Hlutfall milli þessara eigenda er mismunandi eftir sveitarfélögum á Vesturlandi. Eignarhald lögaðila á íbúðarhúsnæði var hæst í Borgarbyggð, 28% en lægst var hlutfallið í Helgafellssveit, 2,5%. Yfir landið var skiptingin á eignarhaldi íbúðarhúsnæðis árið 2017; 78% einstaklingar og 22% lögaðilar.



Mynd 33 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Vesturlandi árið 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta átt lögheimili í því sveitarfélagi sem fasteignin er staðsett eða utan þess. Þjóðskrá Íslands heldur utan um skráningu á eignarhaldi fasteigna. Það er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum hvar eigendur íbúðarhúsnæðis eiga lögheimili. Sjá fyrir neðan yfirlit yfir eigendur íbúðarhúsnæðis flokkaða eftir búsetu.



Mynd 34 Lögheimili eigenda íbúða á Vesturlandi 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Sumarhúsum á Vesturlandi hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Er sú fjölgun að mestu bundin við þrjú sveitarfélög; Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit.



Mynd 35 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Vesturlandi 1995 – 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands


4. Samgöngur

4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 eru engir flugvöllir á Vesturlandi og því ekkert daglegt áætlunarflug.


Helstu stofnvegir eru hringvegurinn norður um Holtavörðuheiði, Vestfjarðavegurinn um Bröttubrekku og Dali og vegurinn um Mýrar og Snæfellsnes. Fjallvegur á stofnvegaskrá er vegurinn um Kaldadal.

Milli byggða á Vesturlandi liggur stofnvegur á fjórum stöðum í meira en 200 m hæð yfir sjó, á Bröttubrekku, í 402 m.y.s., Vatnaleið, í 229 m.y.s., Fróðárheiði, í 361 m.y.s. og Svinadal, í 220 m.y.s.



Mynd 36 Helstu vegir á Vesturlandi

Heimild: Landmælingar Íslands




Mynd 37 Grunnnet samgangna

Heimild: Samgönguáætlun 2019-2023

Myndin sýnir grunnnet samgangna árið 2018 en ekki hafa verið gerðar breytingar síðan 2015. Rétt er þó að benda á að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun 2019 og stytta vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 km og aðrar leiðir austan Akureyrar samsvarandi.

Á Vesturlandi eru sex hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, ein vöruflutningahöfn, á Grundartanga, ein í flokki I, á Akranesi, þrjár í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Grundarfirði, Ólafsvík og Rifi á Snæfellsnesi, ein í flokki III, bátahafnir, í Stykkishólmi sem einnig er ferjuhöfn og ein í flokki smábátahafna, flokki IV, á Arnarstapa. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.



Mynd 38 Hafnir á Íslandi

4.2 Almennings-samgöngur


Á landi er Strætó bs. með umfangsmesta leiðakerfi almennings-samgangna. Landshlutasamtök í landinu að undanskyldum Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) hafa gert samning við Strætó bs. um að annast akstur í þeirra landshlutum. Strætó bs. gengur um Suður-, Vestur-, Norður- og Norðausturland. Áhersla er lögð á að fólk geti komist til og frá Akureyri og Reykjavík á ákveðnum tíma og ákvarðast tími ferðar af því.



Mynd 39 Leiðakerfi Strætó bs. á landsbyggðinni 2019

4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Vesturlandi eru í grófum dráttum samfallandi við skiptingu landshlutans í fjögur undirsvæði, samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Suðursvæðið með Grundartanga og Akranes er á vinnusóknarsvæði Reykjavíkur. Borgarfjörður er á vinnusóknarsvæði Borgarness og vinnusóknarsvæði Bifrastar og Búðardals ná saman. Vinnusóknarsvæði Búðardals og Reykhóla ná saman og svæði þéttbýlisstaðanna á Snæfellsnesi.



Mynd 40 Vinnusóknarsvæði á Vesturlandi

Í Borgarfirði eru margir skólastaðir og stutt á milli þeirra og milli Reykjavíkur og þéttbýlisstaða í Borgarfirði og á suðursvæðinu. Miðstöð Vesturlands liggur á þessu svæði með þjónustu, verslun og iðnað. Akranes er langstærsti þéttbýlisstaðurinn en vegalengdir frá Borgarnesi eru hins vegar styttri til flestra þéttbýlisstaða á Vesturlandi. Þetta er hér sýnt á töflu 2.

Stytting ferðatíma, vegstyttingar og aðrar samgöngubætur hafa áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði og er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

Tafla 2 Vegalengdir á Vesturlandi 2019

	Frá Akranesi	Frá Borgarnesi
Akraness		37
Borgarnes	37	
Hvanneyri	46	14
Kleppjármsreykir	65	33
Grundartangi	19	30
Bífröst	68	31
Hellissandur	167	130
Rif	164	127
Ólafsvík	157	121
Grundarfjörður	140	103
Stykkishólmur	135	98
Búðardalur	116	80
Reykjavík	48	74

Heimild: Vegagerð ríkisins

4.4 Gagnaflutningar

Flest lönd ESB hafa sett það markmið að allir hafi aðgang að 30 Mb/sek. og á Ísland hafa verið sett markmið um ákveðið hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 30 Mb/sek þjónustu árið 2020.


Lagt er til að fyrir Ísland verði sett markmið um hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 100 Mb/sek þjónustu 2020. Flest Evrópulönd miða við að íbúar hafi almennt aðgang að 100 Mb/sek 2025 eða fyrr. Þessi hraði gerir mögulegt að vera með fleiri þungar þjónustur í gangi samtímis á hverju heimili, t.d. fleiri en eitt sjónvörp í UHD upplausn. Markmið ESB landa gera ráð fyrir sívaxandi mikilvægi og kröfum til Internetþjónustu og í ljósi þess sífellt hærri markmiðum um Internetþjónustu. ESB lönd hafa flest sett sér markmið um enn hærri hraða, 100 Mb/sek og 1 Gb/sek. sem nær til fleiri og fleiri íbúa í framtíðinni.

Með 3G og 4G er meðaltal innan við 100 Mb/sek (miðað við mælingar gerðast í desember 2018).

Ísland ljóstengt er tímabundið landsátak í þá veru og féllu alls 3.700 heimili undir verkefnið í upphafi. Gert er ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki sjái að öðru leyti

um að tengja aðra staði á landinu. Verkefnið hefur vaxið að umfangi og losar fjöldi styrkhæfra staða um 6.000 árið 2019. Eingöngu á eftir að semja um styrki til að tengja síðustu 150-250 byggingarnar í dreifbýli árin 2020 og 2021 til að ná ofangreindu. Markmið íslenskra stjórnvalda á sviði fjarskipta fyrir landið í heild er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/sek þráðbundinni nettengingu í árslok 2021. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir árlegu 964 m.kr. framlagi til verkefnisins næstu tvö ár og einnig er 300 m.kr. framlag til þess af byggðaáætlun. Til að það takist þarf að veita ríkisstyrki til ljósleiðara-uppbyggingar í dreifbýli utan markaðssvæða.

Samkvæmt meðfylgjandi korti er Vesturland ekki vel tengt við ljósleiðara ef undan er skilið sunnanvert svæðið og Snæfellsnes.



Mynd 41 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

5. Opinber þjónusta

5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Vesturlands er mun stærra en starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og svæði sóknaráætlunar fyrir landshlutann, nær norður á starfssvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.⁴ Aðsetur yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er á Akranesi. Þar er heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu og heilsugæslustöðvar eru að auki í Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og í Búðardal, sem fylgir heilsugæsluseli á Reykhólum. Utan Vesturlands heyra heilsugæslustöðvarnar á Hvammstanga og Hólmavík með heilsugæslusel í Árnesi líka til Heilbrigðisumdæmi Vesturlands. Heilsugæslustöðvar virðast hafa mikil áhrif hvert íbúar leita þjónustu og eins og á Vesturlandi, þar sem að heilbrigðisumdæmið nær yfir hluta af Norðurlandi vestra, þá leita íbúar þar frekar eftir þjónustu til Vesturlands.

Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru á sömu stöðum og heilsugæslustöðvarnar en þó reknar sem sjálfstæðar rekstrareiningar, nema í Stykkishólmi, á Hólmavík og Hvammstanga þar sem þau eru rekin í tengslum við heilsugæslustöðvarnar. Nánar má kynna sér heilbrigðisþjónustu á [Þjónustukorti Byggðastofnunar](#).



Mynd 42 Sjúkrahús og heilsugæsla í landshlutanum

Heimild: Byggðastofnun

5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur


Aðalskrifstofa lögreglustjóra á Vesturlandi er í Borgarnesi.⁵ Lögreglustöðvar eru á Akranesi, í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi og Búðardal. Aðalskrifstofa sýslumannsins á Vesturlandi er í Stykkishólmi.⁶ Sýsluskrifstofur eru Akranesi, í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi og Búðardal.

Héraðsdómur hefur aðsetur í Borgarnesi og nær umdæmi hans yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ. Nánar má kynna sér löggæslu, sýslumenn og héraðsdóm á [Þjónustukortinu](#).

⁴ <http://thjonustukort.is/>

⁵ <http://thjonustukort.is/>


⁶ <http://thjonustukort.is/>



Mynd 43 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019

5.3 Orkukostnaður

Árlegir útreikningar Byggðastofnunar og Orkustofnunar um kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun hafa verið gerðir frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350 m³. Við útreikningana á orkukostnaði er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og húshitunarkostnaður hinsvegar. Nánar má kynna sér efnið á heimasíðu Byggðastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir orkukostnað heimila á nokkrum stöðum á landinu.



Mynd 44 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

Heimild: Byggðastofnun

Í meðfylgjandi töflu 3 er að finna algengasta verð heildar orkukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu.

Tafla 3 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

			Almenn raforkunotkun Algengasta verð	Húshitun Rafhitun / Hitaveita Algengasta verð	Orkukostnaður alls Algengasta verð
	Dreifiveita - Rafmagn	Hitaveita / Kynt hitaveita			
RARIK - Dreifbýli án hitaveitu	RARIK	-	120.061	204.906	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitav.	Orkubú Vestfjarða	-	120.101	195.449	315.550
Grundarfjörður	RARIK	-	87.994	204.906	292.900
Reyðarfjörður	Rafveita Reyðarfjarðar	-	87.736	203.015	290.751
Ísafjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	195.449	281.684
Seyðisfjörður	RARIK	RARIK	87.994	204.906	270.890
Veitur ohf. - Dreifbýli	RARIK	RARIK	120.061	130.072	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveitu	RARIK	Ýmsar*	120.061	109.908	229.969
Vestmannaeyjar	HS Veitur	HS Veitur	84.122	209.635	226.690
Hafrarfjörður	HS Veitur	Veitur	84.122	111.612	195.734
Reykjavík	Veitur	Veitur	81.647	111.612	193.259
Akranes	Veitur	Veitur	81.647	109.340	190.987
Akureyri	Norðurorka	Norðurorka	83.081	96.844	179.925
Selfoss	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	95.708	179.830
Keflavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	92.584	176.706
Sauðárkrúkur	RARIK	Skagafjarðarveitur	87.994	88.324	176.318
Egilsstaðir	RARIK	Hitav. Egilsstaða og Fella	87.994	85.768	173.762
Seltjarnarnes	Veitur	Hitaveita Seltjarnarness	81.647	59.924	141.571

* Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Húnaþings vestra, Hitaveita Óxarfjarðarhéraðs, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur, RARIK og Skagafjarðarveitur. Öll verð með sköttum og öðrum gjöldum. Samkvæmt gjaldskrá 1. sept 2018

Heimild: Byggðastofnun

Ef horft er til algengasta verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Algengasti heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Grundarfirði, Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi 292.900 kr. en lægstur á Seltjarnarnesi 141.571 kr.

Af þeim fjórum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi sem voru með í úttekt⁷ sem Bygðastofnun fékk Orkustofnun til að gera eru þrír þeirra með orkukostnað undir meðaltali. Aðeins Grundarfjörður skilur sig frá og er með hæstan orkukostnað þéttbýlisstaða í úttektinni. Í Grundarfirði er rafmagn notað til húshitunar en á hinum þremur þéttbýlisstöðunum; Akranesi, Borgarnesi og Stykkishólmi er hitaveita.

Tafla 4 Orkukostnaður heimila á Vesturlandi í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum


Staður	2019		2014		Samtals rafmagn og hiti kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári
	Hitaveita Fjarvarma v. kr/ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr/ári		
Dreifbýli RARIK		204.906	204.906	120.061	324.967	320.123
Grundarfjörður		204.906	204.906	87.994	292.900	264.686
Dalabyggð	162.448		162.448	87.994	250.442	
Veitur ofh. - Dreifbýli	130.072		126.416	120.061	246.477	229.475
Akranes	109.340		109.340	81.647	190.987	164.237
Stykkishólmur	100.820		100.820	87.994	188.814	163.369
Borgarnes	93.720		93.720	87.994	181.714	163.369

Heimild: Orkustofnun

Þróun orkukostnaðar í landshlutanum hefur ekki verið með sama hætti á öllum stöðum. Kostnaður á svæðum þar sem hitaveita er notuð til húshitunar hefur þróast á annan hátt heldur en á svæðum þar sem rafmagn er notað. Í Stykkishólmi, Borgarnesi og Akranesi, starfssvæðum Rarik og Veitna, hefur þróun kostnaðar verið sambærileg. Þar sem Rarik sér um bæði rekstur hitaveitu og dreifingu rafmagns hefur þróunin verið með aðeins öðrum hætti eins og sjá má á verðþróun í Dalabyggð og dreifbýli á svæði Veitna. Þar sem hitaveitu nýttur ekki við, líkt og í Grundarfirði og dreifbýli án hitaveitu hefur þróun orkukostnaðar ekki fylgt þróun verðlags með sama hætti og annarsstaðar. Sjá

⁷ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Orkukostnadur/2018/samanburdur-a-orkukostnadi-heimila-2018.pdf>

nánar á mynd hér fyrir neðan sem sýnir þróun orkukostnaðar á verðlagi hvers árs.



Mynd 45 Þróun orkukostnaðar á Vesturlandi í dreifbýli og á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018

Heimild: Bygðastofnun

5.4 Opinber störf

Bygðastofnun hefur tekið saman fjölda opinberra starfa og dreifingu þeirra um landið síðan 2013. Tölurnar sem settar eru fram hér eru fyrir fjölda ríkisstarfa áramótin 2018/2019. Í greiningunni er miðað við víða skilgreiningu ríkisstarfa, þ.e. stöðugildi greidd af Fjárslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins og þær stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Á landsvísi starfa fleiri konur fyrir ríkið en karlar; 63% á móti 37% karla. Á Vesturlandi er hlutfalið enn hærra eða 68% stöðugildi kvenna á móti 32% stöðugildum karla. Á Vesturlandi búa 4,6% af íbúafjölda landsins en þar eru staðsett 3,3% af stöðugildum opinberra starfa hjá ríkinu. Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu skipt niður á landshluta.

Tafla 5 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018

Stöðugildi opinberra starfa skipt á landshluta	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heilda
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.328	17.509	228.231	63,9%	70,7%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%
Austurland	368	189	557	10.670	3,0%	2,3%
Suðurland	923	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%
Annað	31	33	64	-	0,0%	0,3%
Samtals	15.663	9.088	24.751	356.991	100%	100%

Heimild: Bygðastofnun

Í greiningu Bygðastofnunar kemur fram að stöðugildum fjölgaði um 1 á milli árunum 2017-2018. „Skorradalshreppur og Akranes eru einu sveitarfélögin á Vesturlandi þar sem stöðugildum fjölgaði á milli ára. Í Skorradalshrepp fjölgaði í skógræktinni en mesta fjölgunin er á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Í Borgarbyggð, Dalabyggð, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær fækkaði um nokkur stöðugildi. Önnur sveitarfélög í landshlutanum standa í stað.“⁸ Stöðugildum fjölgaði hins vegar um 15 eða um tæp 2% á Vesturlandi á milli árunum 2016 – 2017. Var fjölgunin þá mest á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í töflunni hérna að neðan má sjá þróunina á opinberum störfum í árslok fyrir árin 2014, 2015 og 2018.

Tafla 6 Opinber ríkisstörf í landshlutanum

Sveitarfélag	2014 Konur	2014 Karlar	2014 Samtals	2016 Konur	2016 Karlar	2016 Samtals	2018 Konur	2018 Karlar	2018 Samtals
Akranes	249	85	334	264	82	346	293	84	378
Borgarbyggð	119	129	248	126	102	228	127	90	217
Dalabyggð	26	21	47	28	22	50	27	20	48
Grundarfjarðarbær	35	17	52	35	15	50	35	14	48
Hvalfjarðarsveit	-	1	1	-	1	1	-	1	1
Skorradalshreppur	-	-	-	-	-	-	-	4	4
Snæfellsbær	26	14	40	27	16	43	28	15	42
Stykkishólmsbær	61	34	96	54	34	87	53	31	84
Samtals	517	302	818	534	271	805	562	259	821

Heimild: Bygðastofnun

⁸ <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/hvar-eru-rikisstorfin-2>

Í árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tekin saman störf á vegum sveitarfélaga í landinu. Gögnin frá sambandinu miða við stöðu stöðugilda 1. apríl ár hvert. Sambandið heldur einnig skrá yfir kynjaskiptingu þessara stöðugilda hjá sveitarfélögunum. 1. apríl 2018 var heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögunum í landinu 21.245. Af því voru um 15.790 konur eða 74% og 5.455 karlar eða 26%. Það starfa því þrisvar sinnum fleiri konur fyrir sveitarfélögin í landinu heldur en karlar. Á Vesturlandi var heildarfjöldi stöðugilda 1.106 og voru 875 konur og 231 karl. Hlutfallið var því enn hærra en er á landsvísi eða 79% konur og 21% karlar.

Tafla 7 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Akraneskaupstaður	343	68	410	334	72	406	343	73	416
Borgarbyggð	192	46	238	200	43	243	212	59	271
Dalabyggð	39	13	52	41	13	53	39	17	55
Grundarfjarðarbær	43	12	55	46	10	56	44	14	58
Hvalfjarðarsveit	30	17	47	39	9	49	40	8	48
Snæfellsbær	115	31	145	113	30	142	120	29	149
Stykkishólmsbær	59	30	89	75	28	103	78	31	109
SAMTALS Vesturland	820	216	1.036	848	204	1.052	875	231	1.106

Samanlagðan fjöldi stöðugilda ríkis og sveitarfélaga er því hægt að áætla og þróun á fjölda stöðugildanna frá ári til árs. Á töflunni hérna fyrir neðan sést að hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki hefur verið að dragast aðeins saman, með hækkandi íbúafjölda, á meðan hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarfélögum hefur örlítið verið að aukast. Nánar má skoða þróunina í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 8 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum

Ártal	Fjöldi stöðugilda samtals hjá ríki 1. jan	Fjöldi stöðug. hjá sveitarf. 1. apríl	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarf.	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarf.
2014	811	1.036	15.441	5,3%	6,7%	12,0%
2016	812	1.052	15.766	5,2%	6,7%	11,8%
2018	820	1.106	16.257	5,0%	6,8%	11,8%

Heimild: Úttekt Bygðastofnunar á opinberum störfum og Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ljóst er að þróun á fjölda stöðugilda á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur þýðingu fyrir búsetuskilyrði í landshlutanum. Ekki bara með tilliti til áhrifa á atvinnu heldur einnig með tilliti til þjónustu. Hlutfall þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum gefur að einhverju leyti til kynna það þjónustustig sem er í landshlutanum.


6. Önnur þjónusta

6.1 Verslun

Í greiningu á verslun var dagvöruverslun flokkuð niður í eftirtalda flokka:

1. Lágvöruverðsverslun:
 - a. Bónus, Nettó, Krónan, þar sem að gert er ráð fyrir sama verði á sömu vöru um land allt
2. Stærri dagvöruverslun:
 - a. Verslun sem hefur stóra markaðshlutdeild á sínu svæði og er með fjölbreytt úrval.
3. Önnur dagvöruverslun:
 - a. Dagvöruverslanir sem ekki falla undir flokk 1. og 2.
 - b. Einstakar verslanir eða t.d. búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

Lágvöruverslun er skilgreind sem stórverslun þar sem vöruverð er lægra en í öðrum dagvöruverslunum. Þetta eru oftast verslunarkeðjur. Lágvöruverslun telst því vera á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi og litlar matvörubúðir á öllum þéttbýlisstöðunum, en sumar með mjög takmarkað vöruframboð.



Mynd 46 Dagvöruverslanir á Vesturlandi

Á Vesturlandi eru samtals 11 verslanir, 5 lágvöruverðsverslanir og 6 aðrar dagvöruverslanir og skiptast þær niður á sveitarfélögin eins og sýnt er á neðangreindri töflu.

Tafla 9 Dagvöruverslanir á Vesturlandi eftir sveitarfélögum 2019


Sveitarfélag	Lágvöruverðsverslun	Önnur dagvöruverslun	Samtals
Dalabyggð		1	1
Grundarfjarðarbær		1	1
Stykkishólmsbær	1		1
Borgarbyggð	2		2
Snæfellsbær		2	2
Akraneskaupstaður	2	2	4
Samtals	5	6	11

Heimild: Byggðastofnun, þjónustukort.is

6.2 Ýmis þjónusta

Árið 2019 opnaði Bygðastofnun aðgang [þjónustukorti](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Er gerð kortsins ein af aðgerðum á byggðaáætlun 2018-2024. Á kortinu má finna upplýsingar um alla helstu þjónustubætti, allt frá neyðarþjónustu til stjórnsýslu.

Árið 2018 gerði Bygðastofnun þjónustukönnun á Vesturlandi.⁹ Þar kom fram að íbúar á Vesturlandi sóttu um 33% þjónustunnar til stofnana og fyrirtækja á Akranesi, um 28% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og um 16% var sótt til Borgarness. Um 47% svarenda á Vesturlandi gáfu þjónustunni í sveitarfélaginu þar sem þeir búa ágætiseinkunn (8-10) og 41% svarenda gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (5-7). Þeir eldri eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en þeir yngri og konur eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en karlar. Svarendur með háskólapróf voru að jafnaði ánægðari með þjónustuna en þeir með grunnskólapróf og svarendur með þrjú eða fleiri börn á heimili voru að jafnaði ekki eins ánægðir með þjónustuna og þeir svarendur þar sem færri voru í heimili. Nánar má kynna sér þjónustusókn íbúa á Vesturlandi í skýrslunni.




Mynd 47 Þjónustusókn á Vesturlandi

Heimild: Bygðastofnun

6.3 Ferðaþjónusta

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarin ár og er ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest þegar kemur að landsbyggðinni. Þessi efling ferðaþjónustunnar kemur meðal annars fram í tölum um gistinætur. Á árinu 2012 voru gistinætur á Vesturlandi um 237 þúsund. Á árinu 2018 voru gistinætur 528 þúsund og hefur því gistinóttum á svæðinu fjölgað um meira en helming síðan 2012. Þó vöxtur í fjölda gistinóttu hafi verið hraður á undanförunum árum þá hefur hægt nokkuð á honum á síðasta ári. Sjá þróun í fjölda gistinóttu á meðfylgjandi mynd.


⁹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/2-vesturland-loka.pdf>



Mynd 48 Gistinætur á Vesturlandi 2008 – 2018 eftir svæðum

Heimild: Hagstofa Íslands


Eins og víða annarsstaðar á landinu er mikil árstíðarsveifla í fjölda gistinóttá á Vesturlandi. Aðal tímabilið er yfir sumartímenn eins og sjá má á mynd 49.



Mynd 49 Gistinætur á Vesturlandi eftir mánuðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Árið 2012 voru innlendir ferðamenn tæplega helmingur þeirra sem gisti á Vesturlandi. Næst á eftir þeim voru gestir frá Þýskalandi um 13% og Frakklandi um 7%.



Mynd 50 Gistinætur á Vesturlandi eftir þjóðerni 2012

Heimild: Hagstofa Íslands

Síðan 2012 hefur orðið töluverð breyting á þjóðerni þeirra er gista á Vesturlandi. Gistinóttum íslendinga hefur fækkað um 17% á tímabilinu, úr 106 þúsund árið 2012 í 88 þúsund árið 2018. Stærsti hópur ferðamanna sem gisti á Vesturlandi árið 2018 var frá Bandaríkjunum en þar næst komu ferðamenn frá Íslandi, Þýskalandi, Bretlandi og Frakklandi. Er um að ræða umtalsverða aukningu í öllum þjóðernum nema hjá íslenskum ferðamönnum. Athygli vekur að inn á svæðið eru að koma ferðamenn frá löndum sem hafa ekki mikið sótt svæðið áður, t.d. frá Kína en ferðamenn frá Kína eru nú í áttunda sæti yfir þau þjóðerni sem gista á Vesturlandi með um 20 þúsund gistinætur.




Mynd 51 Gistinætur á Vesturlandi eftir þjóðerni 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Á milli árána 2012 og 2018 varð ríflega tvöföldun á fjölda gistinátta á landinu. Heildarfjöldinn fór úr 3.8 milljón gistinóttum árið 2012 í 8.5 milljón nætur árið 2018. Heildarfjöldi gistinátta á Vesturlandi fór úr því að vera 237.105 árið 2012 yfir í að vera 527.936 gistinætur árið 2018. Er það sambærilegur vöxtur og var á landsvísi á tímabilinu.

Árið 2012 var hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda gistinátta á landinu 6,3%. Árið 2018 var hlutdeildin 6,2%. Á þessu mikla vaxtartímabili í ferðaþjónustu hefur Vesturland haldið sinni hlutdeild í heildarfjölda gistinátta á landinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun hlutdeildar landshlutanna í heildarfjölda gistinótta frá 2008-2018.



Mynd 53 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 52 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

7. Landbúnaður

Íslensk matvælaframleiðsla er umfangsmikill hluti af íslensku efnahagslífi. Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi hvers landshluta. Sé litið á heildar rekstrartekjur allra búgreina á landinu árið 2017 þá er hlutdeild Vesturlands um 8% skv. greiningu Vífils Karlssonar fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi¹⁰. Í sömu skýrslu kemur fram að á Vesturlandi er vægi sauðfjár- og kúabúskapar nokkuð jafnt metið út frá rekstrartekjum árið 2016; 44% tekna koma frá sauðfé, 54% frá kúabúum og 2% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 12% allra jarða í ábúð á Íslandi á Vesturlandi.

7.1 Kjötframleiðsla

Kjötframleiðsla í landinu hefur aukist á undanförunum árum. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018. Það gerir um 71% aukningu á framleiðslumagni á tímabilinu. Hérna fyrir neðan má sjá þróun í framleiðslu á kjöti eftir tegundum á landsvísi frá 1998-2018. Mestur er vöxturinn á framleiðslu á alifuglakjöti þar sem framleiðslan fer úr 2.736 tonnum árið 1998 í 9.483 tonn árið 2018 og er því orðin næst stærsta framleiðslutegundin eftir á kindakjöti.



Mynd 54 Kjötframleiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

7.2 Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings í landinu og á Vesturlandi frá 1998 til 2018 fyrir fimm tegundir búfjár má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Eru þetta tölur frá Hagstofu Íslands. Eins og sjá má þá eru ekki til tölur fyrir fjölda hrossa fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Er það vegna ónákvæmra upplýsinga í skráningu. Í tölunum fyrir svín eru einungis skráðar fullorðnar gyltur og geltir. Gögn fyrir fjölda svína greind niður á landshluta eru ekki fáanleg fyrir árin 2015-2018.

¹⁰ <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>

Tafla 10 Þróun á fjölda búpenings í landshlutanum

	Nautgripir alls		Sauðfé alls		Hross		Svin		Varphaensni	
	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.
1998	75.500	10.103	490.002	88.614	78.400	10.800	3.987	321	166.911	3.803
1999	74.534	10.056	490.538	87.887	77.330	10.440	3.926	373	160.640	1.653
2000	72.135	9.777	465.777	82.679	73.995	10.077	3.862	194	193.097	4.492
2001	70.168	9.269	473.535	82.647	73.809	9.911	4.561	770	128.241	1.221
2002	67.225	8.757	469.657	81.455	71.267	8.599	4.075	586	160.537	1.372
2003	66.035	8.704	463.006	79.852	71.412	9.249	3.852	652	165.242	1.371
2004	64.639	8.424	455.398	79.470	72.222	9.623	3.553	624	166.466	1.628
2005	65.979	8.589	454.950	78.027	74.820	9.525	3.982	623	166.119	1.721
2006	68.670	8.835	455.656	76.977	75.644	9.721	4.218	644	181.857	421
2007	70.660	8.756	454.812	75.907	76.982	9.503	4.147	649	184.244	1.430
2008	72.012	9.136	457.861	75.776	77.502	9.416	4.265	647	168.515	1.602
2009	73.498	9.494	469.429	78.158	77.158	9.756	3.818	568	199.958	1.600
2010	73.781	9.432	479.841	81.541	77.164	9.522	3.615	583	173.419	516
2011	72.773	8.998	474.759	79.918	78.277	9.893	3.619	581	221.167	1.768
2012	71.513	8.820	476.262	80.988	77.380	9.954	3.643	593	200.169	1.738
2013	70.461	8.882	484.108	83.708	72.626	9.342	3.651	595	215.180	1.868
2014	74.444	9.170	487.075	83.445	3.644	595	226.474	7.900
2015	78.634	9.705	480.656	79.811	3.550	.	238.000	9.510
2016	79.923	10.055	473.144	81.692	68.522	10.450	3.548	.	246.223	9.300
2017	80.895	10.436	458.634	77.968	64.679	9.582	3.567	.	220.460	9.300
2018	81.385	10.283	432.023	72.211	3.323	.	253.763	401

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi nautgripa hefur sveiflast í landshlutanum á þessum árum en er nú sambærilegur því sem var árið 1998. Sveiflurnar hafa þó verið í takt við sveiflur í fjölda dýra á landsvísu og hefur hlutfall nautgripa á Vesturlandi verið 12-13% af heildarfjölda á landinu. Fjöldi sauðfjár hefur einnig sveiflast á þessum árum en er nú um 72 þúsund dýr í landshlutanum. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísu hefur einnig dregist saman í takt við erfiða afkomu í greininni og hefur fjöldinn á Vesturlandi haldist um 17% af heildarfjölda sauðfjár á landinu. Það sem vekur athygli er mikil fjölgun varphaensna frá árinu 2014-2017 og mikill samdráttur 2018.

7.3 Fjöldi bóva

Fjöldi sauðfjár- og kúabúa á Vesturlandi hefur verið að dragast saman undanfarin ár. Árið 2017 voru 216 sauðfjárbú og 83 kúabú á Vesturlandi. Fjöldi bóva á landsvísu hefur einnig verið að dragast saman og hefur Vesturland haldið nokkurn veginn sama hlutfalli bóva á sínu svæði eða 14-15% allra sauðfjár- og kúabúa á landinu. Fjölda bóva og þróun þeirra má sjá nánar á meðfylgjandi töflu.


Tafla 11 Fjöldi bóva á Vesturlandi og á landinu öllu 2009-2017

	Ártal	2009	2011	2013	2015	2017
Sauðfjárbú	Alls	1.688	1.670	1.686	1.558	1.441
	Vesturland	237	241	239	226	216
	Hlutfall	14%	14%	14%	15%	15%
Kúabú	Alls	695	681	676	653	614
	Vesturland	102	95	92	89	83
	Hlutfall	15%	14%	14%	14%	14%

Heimild: Hagstofa Íslands

7.4 Greiðslumark


Stuðningsgreiðslur í landbúnaði eru tengdar greiðslumarki í búvöru- og búnaðarlögum. Heildargreiðslumark sauðfjár á landinu eru 363.455 ærgildi. Skiptingu greiðslumarksins niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hérna fyrir neðan.



Mynd 55 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall greiðslumarks sauðfjár á Vesturlandi var 15% af greiðslumarki alls landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Þar vegur hlutur Dalabyggðar og Borgarbyggðar mest. Skipting greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 56 Greiðslumark sauðfjár á Vesturlandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Heildargreiðslumark mjólkur á landinu öllu er 145 milljón lítrar. Skiptingunni niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Mynd 57 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall greiðslumarks mjólkur á Vesturlandi var 12% af heildargreiðslumarki landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Þar vegur hlutur Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Dalabyggðar mest. Skipting greiðslumarks mjólkur í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 58 Greiðslumark mjólkur á Vesturlandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 59 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019

Heimild: Matvælastofnun


7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurstöðva er nauðsynleg fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og mjólkurstöðvum starfsleyfi að undangenginni úttekt. Á meðfylgjandi korti er hægt að sjá dreifingu þessarar þjónustu um landið. Á landinu öllu eru 10 sláturhús og 12 mjólkurstöðvar skv. skráningu Matvælastofnunar. Á Vesturlandi er eitt sláturhús sem staðsett er í Borgarnesi og tvær mjólkurstöðvar, í Búðardal og á Erpsstöðum í Dölum.

8. Sjávarútvegur

8.1 Fiskveiðar

Í fyrri stöðugreiningum voru upplýsingar um afla settar fram miðað við heimahöfn skipa. Hér er valið að miða annars vegar við löndunarhafnir og í einnig í nokkrum tilvikum er afli sýndur miðað við verkunarhafnir. Að höfðu samráði við Hagstofu Íslands hefur þessu verið breytt vegna þess að með breytingum á eignarhaldi útgerða er talið að heimahafnir skipa gefi í mörgum tilvikum takmarkaðri upplýsingar um umsvif á einstökum útgerðarstöðum. Þar með er ekki sagt að einhver ein skráning afla gefi algjörlega rétta mynd af umsvifunum.



Mynd 60 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir helstu löndunarhöfnum á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 12 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Vesturlandi


	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Akranes	7.251	2.146	2.083	1.522	1.720	2.135	1.357	1.572	1.619	1.659	1.338	1.528
Arnarstapi	2.536	2.989	2.987	1.987	1.934	1.569	2.364	3.030	1.616	1.789	1.549	2.014
Rif	14.343	14.872	18.083	15.544	14.031	14.427	15.145	15.739	16.245	15.715	12.914	16.862
Ólafsvík	11.108	12.637	14.125	11.531	10.491	10.251	9.311	8.850	9.950	13.284	11.406	14.050
Grundarfjörður	17.736	16.458	16.847	12.504	12.479	13.502	13.780	13.265	12.897	13.610	12.089	15.048
Stykkishólmur	2.826	2.692	3.386	2.778	2.942	3.132	2.534	3.486	3.640	3.913	4.461	3.631

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 60 sýnir afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski fyrir helstu löndunarhöfnum á Vesturlandi á árunum 2007-2018 og tafla 12 sýnir afla fyrir þessar hafnir og tvær minni löndunarhafnir.


Talsverðar sveiflur voru í aflamagni í öðrum tegundum en uppsjávartegundum miðað við löndunarhafnir skipa. Auknum afla hefur verið landað einkum á Rífi, Grundarfirði og Ólafsvík, en landaður afli minnkaði verulega á Akranesi milli 2007 og 2008, en hefur haldist stöðugur um 2.000 tonn síðan.

Mynd 61 sýnir ráðstöfun afla í öðrum tegundum en í uppsjávarfiski fyrir allar hafnir á Vesturlandi. Afli sem er verkaður í landshlutanum hefur aukist allt frá árinu 2007. Svo til allur afli á Vesturlandi er nú verkaður á svæðinu eða annars staðar á Íslandi en hlutdeild afla sem er landað sem unnin og gámafisks er afar lítil og engin í tilvikinu um unninn.



Mynd 61 Ráðstöfun afla á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 62 Afli í uppsjávartegundum á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands

8.2 Uppsjávarafli

Veiði og verkun uppsjávartegunda er óveruleg á Vesturlandi og það litla sem hefur verið unnið á þessu tímabili er annars vegar makrill sem fór að ganga hér upp að landinu á tímabili. Hins vegar var landað síld í Grundarfirði og Stykkishólmi en þetta er ekki mikið aflamagn á landsvísu.




Mynd 63 Ráðstöfun uppsjávarafli á Vesturlandi

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 63 sýnir skiptingu afla sem er verkaður á Vesturlandi og annars staðar á Íslandi og þess sem er landað unnið. Miklar sveiflur eru í afla unnum innanlands og þess sem er landað unnið en ítrekað að hér er ekki um mikinn afla að ræða.

8.3 Úthlutaðar aflaheimildir




Mynd 64 Úthlutaðar aflaheimildir á Vesturlandi

Heimild: Fiskistofa

Mynd 64 sýnir úthlutaðar aflaheimildir á Vesturlandi fyrir helstu tegundir botnfiska. Aflaheimildir í heild hafa vaxið á þessu tímabili einkum í þorski en aðallega í ufsa.

Mynd 65 sýnir úthlutaðar aflaheimildir eftir stöðum án uppsjávartegunda. Tveir staðir voru með mestar aflaheimildir en það eru Akranes og Ríf. Aflaheimildir á Rífi hafa vaxið en á Akranesi var hlutdeild svipuð í upphafi og í lok tímabilsins. Annars staðar er nokkur stöðugleiki ef undan er skilið að á síðasta árinu aukast aflaheimildir í Ólafsvík meðan þær minnka í Stykkishólmi..



Mynd 65 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Vesturlandi eftir stöðum án uppsjávartegunda

Heimild: Fiskistofa

9. Stoðkerfi

9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt atvinnuþróunarfélögum hafa gengt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutasavísu. Í gildi eru samningar á milli Byggðastofnunar og átta landshlutasamtaka eða atvinnuþróunarfélaga um atvinnu- og byggðapróun sem fjármagnað er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) nær til starfssvæðis sambandsins, frá Hvalfjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns, tíu sveitarfélaga sem aðild eiga að sambandinu og hefur gildistíma frá 2018 til ársloka 2022. Samkvæmt samningi fékk SSV greiddar 23,4 m.kr. árið 2018 og fær samtals 24 m.kr. árið 2019.

Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999 með síðari breytingum og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félagsins m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Samkvæmt samningum er hlutverk SSV m.a. að vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðapróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþættir
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun, samstarf o.fl.

Hlutverk Byggðastofnunar í samningunum er eins við öll landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Felst hlutverkið m.a. í faglegri aðstoð, samræmingu og miðlun upplýsinga til allra samningsaðila og samstarfi við aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar. Þá hefur Byggðastofnun umsjón með sameiginlegum fundum og veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferða starfsmanna landshlutaskrifstofa og atvinnuþróunarfélaganna. Einnig þróar Byggðastofnun og leitast við að halda úti gagnagrunni á sviði byggðamála sem félögin hafa aðgang að.

Fyrir 15. desember ár hvert skilar SSV til Byggðastofnunar starfsáætlun fyrir næstkomandi ár þar sem samþætta skal áherslur félagsins við markmiðasetningu og árangursmat. Í áætluninni skal gerð grein fyrir settum markmiðum, hvernig þau verði metin á næstkomandi ári og með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, þ.m.t. starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseinnar renna. Þá skal SSV skila fyrir lok maímánaðar ár hvert ársreikningi fyrir næstliðið ár og skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári þar sem fram koma frávík frá starfsáætlun ef einhver voru. Í árskýrslu skal koma fram mat á árangri samanber sett markmið í starfsáætlun næstliðins árs.

Á grundvelli samningsins rekur SSV ráðgjafa- og þróunardeild þar sem megin markmið er að taka þátt í að efla atvinnulíf í landshlutanum með beinum og óbeinum hætti. Verkefni felast m.a. í að vera einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarstjórnnum til aðstoðar á sviði atvinnumála m.a. með:

- aðstoð við að greina vandamál
- leiðbeiningum um hvar er hægt að fá aðstoð, bæði fjárhagslega og tæknilega frá stoðkerfum atvinnulífsins
- aðstoð við gerð umsókna til sjóða
- aðstoð við gerð rekstrar- og kostnaðaráætlana
- aðstoð við markaðsmál
- upplýsingagjöf, fundir o.fl.

9.2 Sóknaráætlun

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni. Sóknaráætlanir byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir.¹¹

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Við gerð þessara samninga runnu saman vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Landshlutasamtökin annast umsýslu þeirra og auglýsa eftir umsóknum um styrki í það minnsta árlega. Þau skipa einnig úthlutunarnefnd.

¹¹ www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html

¹² Sóknaráætlun Vesturlands:
www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f482-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74

Samkvæmt þriðju grein samninga um sóknaráætlanir landshluta skal marka stefnu í þessum málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Sóknaráætlun skal byggja á a.m.k. þremur stöðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Skipa á samráðsvettvang þar sem tryggð er breið aðkoma úr samfélaginu og gæta skal aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn á að hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og koma saman í það minnsta árlega.

Sóknaráætlun Vesturlands¹² byggir á samningi milli Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 frá 10. febrúar 2015.¹³ Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni tæpar 73,5 milljónir frá áður nefndum ráðuneytum á ári á tímabilinu.

Áherslur sóknaráætlunar Vesturlands 2015-2019 eru þrjár:

- Að búa á Vesturlandi, sem lýtur að mannauði, lýðfræði og menningu.
- Að starfa á Vesturlandi, sem tekur til nýsköpunar í atvinnulífi og atvinnumálum.
- Að ferðast um Vesturland, sem snýr að ferðaþjónustu.

Meginmarkmið sóknaráætlunar Vesturlands ríma við áherslurnar, en þau eru að á Vesturlandi sé:

- gott að búa

¹³ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7083c4a9-b1f1-11e9-9446-005056bc4d74>

- gott að starfa
- gaman og fróðlegt að ferðast

Tveimur fyrstu meginmarkmiðunum fylgja tíu undirmarkmið og fimm stefnumál því síðasta. Alls hafa runnið tæpar 443,5 m.kr. til sóknaráætlunar Vesturlands árin 2015-2018.¹⁴ Frá ríkinu komu á tímabilinu rúmar 365,8 m.kr., frá sveitarfélögum á Vesturlandi komu tæpar 75,7 m.kr. og önnur framlög námu 2 m.kr. á tímabilinu.

Á tímabilinu 2015-2018 hafa verið samþykkt 24 áhersluverkefni á Vesturlandi. Frá sóknaráætlun hafa runnið rúmar 96 m.kr. til þessara 24 áhersluverkefna á Vesturlandi á tímabilinu. Á sama tímabili voru samþykktir styrkir úr uppbyggingarsjóði til 410 verkefna að heildarstyrkfjárhæð tæpar 232 m.kr.

Fjöldi fulltrúa í samráðsvettvangi á Vesturlandi var 22 árið 2015 en hefur verið 30 manns hin árin. Á Vesturlandi hefur verið einn fulltrúi undir 25 ára árin 2016-2018.

Þann 12. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga nýja samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024.

Vesturland hefur mótað sér fimm meginmarkmið í nýrri sóknaráætlun 2020-2024¹⁵ en þau eru:

- **Velferð:** Auka hamingju, félagslega virkni og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.
- **Umhverfi:** Auka umhverfisvitund íbúa, stuðla að kolefnisspor dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.
- **Samgöngur:** Auka umferðaröryggi með auknu hlutfali vega með bundnu slitlagi, fjölga hleðslustöðvum og auka hlutdeild almenningsgangna

¹⁴ Tölur gilda til og með ársins 2018 þar sem tölur fyrir 2019 liggja ekki fyrir.

¹⁵ <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/12/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun-Vesturlands-2020-2024.pdf>